



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 19.10. '21

Úrskurður aganefndar 19. október 2021

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Stefán Hinriksson leikmaður Vængja Júpíters hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Vængja Júpíters og ÍR í Grill66 deild karla þann 15.10.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útilokana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Aganefnd hefur borist skýrsla frá dómara vegna framkomu forsvarsmanns Harðar í leik Vals U og Harðar í Grill 66 deild karla 15. október. Í skýrslunni kom fram að forsvarsmanni Harðar hafi verið vísað úr húsi af dómara vegna ósæmilegrar framkomu. Handknattleiksdeild Harðar er því gefinn frestur til kl.12.00, föstudaginn 22. október til að skila inn greinargerð vegna málsins.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.